





RANGÁRPÍNG YTRA

Aðalskipulag 2010-2022 - Iðnaðarsvæði á Galtalæk



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.



Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

Byggð

	Landbúnaðarsvæði
	Býli / eyðibýli
	Verslunar- og þjónustusvæði
	Iðnaðarsvæði
	Frístundabyggð
	Opin svæði til sérstakra nota
	Óbyggð svæði
	Námur (E) og Haugsvæði (H)

Vernd

	Hverfisvernd vegna náttúruminja
	Hverfisvernd vegna fornminja
	Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
	Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði

Samgöngur

	Stofnvegir
	Tengivegir og héraðsvegir
	Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
	Reiðleiðir

Veitur

	Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv
--	-----------------------------------

Mörk

	Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi
--	-----------------------------------

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytrar landnotkunar í landi Galtalækjar í Landsveit. Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.4 um iðnaðarsvæði og samsvarandi breyting á uppdrætti aðalskipulagsins. Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að stuðla skuli að fjlölyftum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi ásamt því að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar. Þá verði unnið að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

Íslensk matorka ehf. tilkynnti framkvæmdina til Skipulagsstofnunar 12. jan. 2012. Í þeim gögnum kemur fram hvernig staðið verður að mengunarvörnum og hvernig staðið verði að vörnum gagnvart því að eldisfiskur blandist númerandi stofnum í Galtalæk/Rangá. Það er "niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 200 tonnum sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum" (Skip.st. 8. feb. 2012). Lýsing vegna breytingarinnar var auglýst 28. ágúst. Tillaga að breyttu aðalskipulagi var auglýst frá 20 nóv. til 2. jan. 2014.

Breyting að lokinni auglýsingu

Hnykkt betur á að umfjöllun um útfærslu framkvæmdar, þ.m.t. megnunarvarnir, verði í deiliskipulagi.

2. STAÐHÆTTIR

Fiskeldi er nú þegar á Galtalæk en svæðið hefur ekki verið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Svæðið er sunnan Landvegar, um 3 km ofan ármóta Galtalækjar við Ytri-Rangá. Svæðið er um 400 m austan bæjar og er aðkoma um númerandi afleggjara að Galtalæk. Áformað er að auka framleiðslu, samhlíða því að bæta aðstöðu, þ.m.t. bættar mengunarvarnir.

3. IÐNAÐARSVÆÐI

Gerð verður breyting á greinargerð kafla 4.4 um iðnaðarsvæði og á sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Rangárþings ytra. Afmarkað er nýtt iðnaðarsvæði I15, á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags. Texti í greinargerð verður: "Fiskeldi, framleiðsla verður allt að 200 tonn á ári. Stærð svæðis er um 1 ha. Nánari útfærsla verður í deiliskipulagi, þ.m.t. mengunarvarnir s.s. hugsanleg áhrif á lífríki í vatni og hvernig tryggt verður að eldisfiskur berist ekki í Galtalæk". Nýtt iðnaðarsvæði hefur óveruleg áhrif á skilgreint landbúnaðarsvæði og engin áhrif á stærð frístundasvæðis (F42).

4. UMHVERFISSKÝRSLA

Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breytrar landnotkunar í landi Galtalækjar, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

UMHVERFISPÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á

VALKOSTIR	Hagrænir og félags-legir þættir	Náttúrufar og landslag	Heilsa og öryggi	Verndarsvæði og minjar
Breytt aðalskipulag	Auknar framkvæmdir styðja við stefnu sveitarstjórnar um að fjlöga atvinnutækifærum. Efling númerandi framleiðslu styrkir atvinnulif á svæðinu. Engin áhrif á frístundasvæði á Galtalæk.	Óverulegar breytingar, enda er þessi starfsemi nú þegar á svæðinu. Bættar mengunarvarnir draga úr hættu á mengun frá fiskeldi. Ofgnótt næringarefna og úrangur geta mengað ferskvatn. Eldisfiskur / seiði geta blandast stofnum sem fyrir eru.	Fiskeldi hefur óveruleg áhrif, m.a. þar sem engin vatnsból eru í beinni hættu, þótt óhapp verði.	Engin áhrif.
Aðalskipulag 2010-2022	Engin áhrif	Ofgnótt næringarefna og úrangur geta mengað ferskvatn. Eldisfiskur / seiði geta blandast stofnum sem fyrir eru.	Fiskeldi hefur óveruleg áhrif, m.a. þar sem engin vatnsból eru í beinni hættu, þótt óhapp verði.	Engin áhrif

5. NIÐURSTADA

Gert er ráð fyrir að mengunarvarnir verði bættar frá því sem nú er og einnig verði gerðar ráðstafanir til að draga úr hættu á að eldisfiskur blandist númerandi fiskistofnum í Galtalæk eða Ytri-Rangá og mun því draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Nánari grein verður gerð fyrir þessum þáttum í deiliskipulagi. Aukin umsíð munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf í sveitarfélagini og þar með einnig á samfélag á svæðinu.

Jákvæð áhrif

Neikvæð áhrif

Óveruleg áhrif

Aðalskipulagsbreyting bessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 20.4.2014

Aðalskipulagsbreyting bessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 2. maí 2014



RANGÁRPÍNG YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinholtsf.is	Verk: 8614 SA104	Dags: 19.09.2013
Mkv: 1:50.000		Breytt: 06.01.2014
Blaðstærð: A3		
Hannað: GG, AJ, IS		
Teiknað: IS		
Samþykkt:		